

varnarlaun skipaðs verjanda ákærða hér við réttinn, Ragnars Jónssonar lögfræðings, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Árni Magnús Bjarnason, á að vera sýkn af ákærum réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða hér við réttinn, Ragnars Jónssonar lögfræðings, kr. 300.00.

Miðvikudaginn 20. nóvember 1946.

Nr. 143/1945. **Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson**

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Ólafi Stefánssyni og gagnsök

(Hrl. Egill Sigurjónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Sýknað af bótakröfu vegna brottvikningar skipstjóra.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, með meðdómsmönnum Gísla Eylands og Benedikt Steingrímssyni.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 5. nóv. 1945, og gert þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda í málinu án eða með skuldajöfnuði við gagnkröfur, er þeir telja sig hafa gegn gagnáfrýjanda til bóta fyrir tjón, er hann hafði bakað þeim með afglöpum í starfi sínu í þeirra þjónustu. Til vara hafa þeir krafizt lækkunar á kröfu gagnáfrýjanda. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 28. marz

s. l. skotið málinu til hæstaréttar með gagnáfrýjunarstefnu, dags. 4. apríl þ. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 17892.00 eða aðra lægri upphæð eftir mati dómsins. Svo krefst hann og 6% ársvaxta af hinni dæmdu upphæð frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins svo og að viðurkenndur verði sjóveðréttur sér til handa í m/s Rúnu E A 380 fyrir hinum dæmdu upphæðum.

Með samhljóða vitnisburði fjöggra skipverja á m/s Rúnu, þ. e. stýrimannsins Alfreðs Finnbogasonar, 2. vélstjóra Magnúsar Jóhannssonar og tveggja háseta, Jóns Árnasonar og Björns Jónssonar, verður að telja sannað, að gagnáfrýjandi hafi verið ölvaður, er hann kom til skips síns í Vestmannaeyjum laust eftir miðnætti hinn 11. des. 1944 og tók við stjórn þess, og fær það eigi haggað gildi vitnisburða þessara, þótt tveir aðrir skipverjar, Ingvar Guðjónsson 1. vélstjóri og Júlíus B. Magnússon háseti hafi borið, að þeim hafi ekki virzt skipstjórinn vera drukkinn við umrætt tækifæri, enda eru eigi fyrir hendi upplýsingar um það, hvaða aðstöðu vitni þessi höfðu til að athuga ástand gagnáfrýjanda. Verður að telja, að þetta hafi heimilað útgerð skipsins að svipta gagnáfrýjanda skipstjórnninni fyrirvaralaust án bóta, sbr. 5. gr. sjómannalaga nr. 41 19. maí 1930 og 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. jan. 1935. Verður því að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjendum málskostnað í héraði og í hæstarétti með 1200 kr.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Ólafs Stefánssonar í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum 1200 kr. í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 20. október 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 12. þ. m., hefur Ólafur skipstjóri Stefánsson, Eyrarveg 16, Akureyri, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 16. apríl s. l., gegn þeim Sigfúsi Baldvinssyni útgerðarmanni, Fjólugötu 10, og Hirti Lárussyni útgerðarmanni, Eyrarlandsvegi 4, báðum á Akureyri, til greiðslu bótakröfu, að fjárhæð kr. 18561.15 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar eftir reikningi eða mati réttarins. — Þá krefst stefnandi þess, að honum verði dæmt sjóveð í m/s Rúnu EA. 380 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu, en til vara lækknar á kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu. Til þrautavara hafa þeir krafizt skuldajafnaðar með kröfum, er þeir telja sig eiga á stefnanda fyrir tjón, er þeir telja hann hafa valdið útgerðinni.

Samkvæmt því, er stefnandi skýrir frá, eru málavextir þeir, að þegar hann kom með m/s Rúnu til hafnar í Reykjavík 11. des. s. l. úr Englandsferð, en þangað hafði verið siglt með ísaðan fisk, sagði meðstefndi Sigfús Baldvinsson, sem þá var staddur í Reykjavík, stefnanda upp skipstjórastöðu fyrirvaralaust og án löglegra ástæðna, að því er stefnandi telur. Samkvæmt sjómannalögum er uppsagnarfrestur skipstjóra 3 mánuðir, sé ekki um annað samið, og gerir stefnandi kröfu til, að stefndu greiði honum þriggja mánaða kaup, kr. 6000.00 á mánuði, auk kr. 561.15, sem hann telur kostnað, er hann varð fyrir vegna þess, að honum var ekki sagt upp í heimahöfn. Sundurliðast sá kostnaður þannig:

Dvalarkostnaður í gistihúsi í Reykjavík	kr. 329.15
Farseðill með skipi til Akureyrar og fæði	— 232.00

Samtals kr. 561.15

Samkvæmt samningi skipstjórafélagsins hér og útgerðarmanna voru samningar um kaup og kjör skipstjóra sem hér segir að sögn stefnanda, og hafa stefndu ekki véfengt það: Grunnlaun kr. 700.00 á mánuði auk verðlagsuppbótar, miðað við vititölu í janúar 1945. 273 stig, í febrúar og marz s. á., 274 stig, 250% áhættubókun á kaupíð, meðan skipið sigldi á hættusvæði, 2% af brúttó afla og frítt fæði. Telur stefnandi, að upphæðir þessar nemi ca. kr. 6000.00 á mánuði.

Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi gert þessa kröfu til vara, að bótakrafan nemi þeirri upphæð, er skipstjóri sá, er við tók af honum, bar úr býtum fyrstu þrjá mánuðina á eftir, en sú upphæð nam samkvæmt upplýsingum stefndu kr. 16130.85, sem sundurliðast þannig:

Kaup í 90 daga, kr. 63.23 á dag	kr. 5690.70
Áhættubóknun í 39 daga, kr. 54.32 á dag	— 2118.46
2% af brúttó aflasölu, £ 15946.00	— 8321.69
Samtals	kr. 16130.85

Stefnandi krefst þess, að við upphæðina bætist:

Fæði í 3 mánuði á kr. 400.00	— 1200.00
Ferðakostnaður	— 561.15

Nemur varakrafan því alls kr. 17892.00

Samkvæmt því, sem skýrt er frá af hálfu hinna stefndu, eru atvik málsins þau, að þegar m/s Rúna kom til Reykjavíkur úr framangreindri ferð kl. 4 síðdegis þann 11. des. s. l., hafi meðstefndi Sigfús Badvinsson farið um borð í skipið og átt tal við skipstjórann. Var þá ákveðið að fara af stað aftur kl. 6 síðdegis samdægurs til Ísafjarðar til þess að taka fisk í skipið, og var skipshöfninni tilkynnt það. Nokkru áður en skipið átti að fara, fór meðstefndi Sigfús ásamt stefnanda um borð í skipið. Komst hann þá að raun um það, að tveir hásetar voru að fara af skipinu og aðrir tveir skipverjar voru óánægðir og töldu, að skipstjórinn hefði sagt þeim upp eða að þeim væri heimilt að fara af skipinu fyrirvaralaust. Meðstefndi Sigfús kveðst hafa reynt að koma á sættum, en án árangurs. Varð því að fresta ferð skipsins. Morguninn eftir, þann 12. des. s. l., sagði hann síðan stefnanda upp og fékk annan í staðinn. Fór skipið síðan áleiðis til Ísafjarðar kl. 5 þann dag. Varð skipið af fiskinum á Ísafriði að sögn stefndu vegna tafarinnar í Reykjavík og óþarfrar viðkomu í Vestmannaeyjum, er skipið kom til landsins. Misklið milli skipstjóra og hluta skipshafnarinnar segja stefndu hafa stafað af ölvun skipstjórans og ósæmilegri framkomu í Vestmannaeyjum, en skipið var þar statt 10. desember næst á undan, er það var á heimleið úr framangreindri Englandsferð. Telja stefndu, að þetta ásamt ýmsu, er áður hafði skeð og síðar verður vikið að í sambandi við þrautavarasýknuástæðu stefndu, hafi réttlætt fyrirvaralausar uppsögn skipstjórans. Aðalkröfuna um algera sýknu og málskostnað byggja stefndu á þessu.

Til þrautavara er krafizt skuldajafnaðar milli þess, sem sækjandi kynnir að fá tildæmt, og krafna stefndu á hendur stefnanda fyrir tjón, er þeir telja, að hann hafi bakað útgerðinni fyrir handvammir og óreglu í starfi, sem þeir byggja á því, er nú verður sagt:

1. 9. júní 1944, er Rúna var á sildveiðum, hvolfði öðrum nótabátnum, og töpuðust úr honum ýmsir lauslegir hlutir. Stefndu telja, að tjón þetta hafi orðið fyrir það, að hraði skipsins hafi verið of mikill, eða 9 mílur, og tjón af þessu meta þeir á kr. 1500.00.

2. Þann 13. ágúst 1944, er skipið hafði landað sild á Hjalteyri, kom í ljós, að annar nótabáturinn flóðlak, og varð að gera við hann. Telja stefndu, að lekinn hafi orsakast af því, að skipið hafi farið of hratt með bátana í eftirdragi, er það var á leið til Hjalteyyrar, en stormur var og sjór. Viðgerð bátsins kostaði kr. 500.00, en veiðitjón útgerðarinnar telja stefndu kr. 5000.00 vegna tafarinnar. Gefa þeir stefnanda sök á þessu og telja hann bótaskyldan.
3. Þá telja stefndu sig hafa beðið 7000.00 kr. tjón við árekstur á bryggju á Hjalteyri þann 31. júlí 1944 og við árekstur á skip í Fleetwood þann 30. nóv. sama ár, er þeir gefa stefnanda að sök.
4. Loks telja stefndu, að tjón það, er útgerð skipsins varð fyrir vegna þess, að skipið komst ekki í tækan tíma til Ísafjarðar, er stefnanda hafi verið sagt upp, svo sem fyrr segir, nemi kr. 20 000.00, með því að skipið hafi misst af söluferð til Englands þess vegna.

Um aðalsýknuástæðu stefndu hefur þetta komið fram helzt: M/s Rúna kom til Vestmannaeyja kl. 3 síðdegis þann 10. des. 1944. Einn hásetinn var þá svo ölvaður, að setja varð hann í bönd, þar til hann sofnaði. Skipið hafði viðdvöl í Vestmannaeyjum þar til um miðnætti. Fjórir skipverjar, þar á meðal sá, sem bundinn hafði verið, halda því fram, að stefnandi hafi verið ölvaður, er hann kom um borð um miðnætti. Hafi hann strax tekið við stjórn skipsins og gefið fyrirskipun um að leysa festar. — Kom þá í ljós, að smávegis ólag var á vélinni, þannig að nokkur töf varð á, að skipið færi af stað, og varð að festa því aftur við bát, er skipið hafði rekið að í höfninni. Vitnum ber ekki saman um, hve langur tími það var, en telja, að það hafi verið hálf eða heil stund, sem skipið tafðist við þetta. Þrír þessara skipverja telja, að meðan á þessu stóð, hafi stefnandi viðhaft óhæfilega framkomu og sagt þeim upp skiprúmi. Einn þessara skipverja segir þó, að daginn eftir hafi stefnandi beðið sig fyrirgefningar, og hafi hann þá lofað stefnanda að fara ekki úr skiprúmi næstu ferð. Þegar skipið komst af stað frá Vestmannaeyjum, stýrði stefnandi sjálfur út úr höfninni og að Þríðröngum. Segja þessi vitni, að þá hafi hann ekki verið eins áberandi ölvaður.

Stefnandi hefur neitað því, að hann hafi verið ölvaður umrætt skipti, og aðrir skipverjar, sem leiddir hafa verið sem vitni, telja, að hann hafi verið ódrukkinn. Þá er og á það bent af hálfu stefnanda, að stefnandi hafi sjálfur stýrt skipinu út úr höfninni í Vestmannaeyjum, án þess að nokkurt tjón eða óhapp kæmi fyrir, en ólíklegt sé, að ölvuðum mönnum sé það fært vegna þrengsla í höfninni og fjölda báta, sem lágu þar.

Samkvæmt þessu virðist ekki nægilega sannað, að stefnandi hafi verið ölsaður við stjórn skipsins. Þess ber og að gæta, að stefnandi virðist hafa haft ástæðu til að segja þeim skipverja upp skiprúmi, er setja hafði orðið í bönd vegna ölvunar, en gegn mótmælum stefnanda er ekki sannað, að hann hafi sagt öðrum skipverjum upp. Um óhöpp þau, sem stefndu gefa stefnanda að sök, samkvæmt 1.—4. lið hér að framan, er það að segja, að ýmist er sannað, að stefnandi átti ekki sök á þeim, eða ósannað, að honum verði gefin sök á þeim. Aðalkrafa hinna stefndu um sýknu af þessum ástæðum er því ekki nægilega rökstudd og verður ekki tekin til greina. Af þessu leiðir og, að þrautavarasýknuástæða stefndu verður heldur ekki tekin til greina. Telja verður því, að stefndu hafi bakað stefnanda tjón, sem þeim er skylt að bæta.

Kemur þá til álita varakrafa hinna stefndu um lækun bóta-kröfunnar eða niðurfellingu hennar af þeim ástæðum, að stefnandi fékk stýrimannsstöðu á öðru skipi skömmu eftir brottför hans af m/s Rúnu.

Samkvæmt 3. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 á skipstjóri, sem vikið er úr stöðu án lögmæts fyrirvara og án þess að brottvikning sé nægilega réttlætt, rétt á bótum fyrir tjón það, sem frávikningin bakar honum. Sé annað eigi sannað um upphæð tjónsins, á hann rétt á þriggja mánaða kaupi og auk þess ferðakostnaði og fæðispeningum til hafnar þeirrar, sem ráðningu skyldi slitið í. Nú hefur ekki verið véfengt, að stefnandi hafi fengið atvinnu sem stýrimaður á öðru skipi nokkru eftir, að hann missti skipstjórastöðuna. Hins vegar hefur stefnandi þrátt fyrir áskorun ekki upplýst um kaup sitt í þeirri stöðu. Er því haldið fram af hans hálfu, að þannig beri að skilja bótaákvæði sjómannalaganna, að bæturnar séu fyrst og fremst fyrir tjón það, er skipstjóri verður fyrir vegna þess, að hann hefur lakari aðstöðu til þess að fá skipstjórastöðu vegna álits-hnekkis, eftir að honum hefur verið vikið frá fyrirvaralaust.

Rétturinn litur svo á, að taka beri fullt tillit til þessa við ákvörðun á bótaupphæð, en hins vegar beri líka að taka tillit til atvinnutekna stefnanda eftir brottvikninguna. Verður því ekki hægt að leggja aðal- eða varakröfu stefnanda til grundvallar við ákvörðun á bótaupphæð. Með hliðsjón af því, að stefnandi hefur haft allgóða atvinnu og hann er maður á bezta aldri, þykir upphæð bótanna hæfilega ákveðin kr. 9000.00 auk ferðakostnaðar til heimahafnar, kr. 561.15, sem þykir mega taka til greina að fullu.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu verða dæmdir til að greiða in solidum stefnanda kr. 9561.15 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað, sem ákveðst kr. 1250.00.

Þá verður einnig tekið til greina krafa stefnanda um sjóveðrétt í m/s Rúnu EA 380, enda er sú krafa í samræmi við lög.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Sigfús Baldvinsson og Hjörtur Lárusson, greiði stefnanda, Ólafi Stefánssyni, kr. 9561.15 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. apríl 1945 til greiðsludags og kr. 1250.00 í málskostnað.

Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Rúnu EA 380 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. nóvember 1946.

Nr. 32/1946. Vélabátatrygging Eyjafjarðar og Leó Sigurðsson (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Helga Benediktssyni (Enginn).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Sjálfkrafa frávisun máls frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hafa upp kveðið Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, og samdómsmenn Lúðvík N. Lúðvíksson og Sigfús Scheving.

Héraðsdómur í máli þessu er upp kveðinn 10. nóv. 1945. Áfrýjunarstefna er út gefin 6. marz 1946 og birt 12. s. m. Er ekki skirskotað til áfrýjunarleyfis í stefnunni, enda er það ekki fengið fyrr en sama dag og stefnan er birt. Af hendi stefnda hefur enginn komið fyrir hæstarétt. Þar sem svo stendur á, sem að framan segir, verður að vísa máli þessu ex officio frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.